

**Umboðsmaður Alþingis,
Þórshamri,
Templarasundi 5,
101 Reykjavík.**


Reykjavík, 28. maí 2019.

Undirritaður hefur sent stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis bréf þar sem vakin er athygli nefndarinnar á vinnubrögðum starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi, en starfshópurinn skilaði skýrslu 23. ágúst 2017 (sjá fskj. nr. 1). Frumvarp sem nú er til meðferðar hjá Alþingis um breytingar á lögum um fiskeldi nr. 71/2008 byggist að mestu á áðurnefndri skýrslu starfshópsins.

Undirritaður gerir alvarlegar athugasemdir við vinnubrögð fyrrnefnds starfshóps og telur að þau samræmist ekki á nokkurn hátt góðum stjórnmsýsluháttum og kunní í ákveðnum tilvikum að fara gegn ákvæðum stjórnmsýslulaga. Í þessu sambandi hef ég tekið saman athugasemdir um vinnubrögð starfshópsins og niðurstöður þeirrar skýrslu sem starfshópurinn skilaði af sér (sjá fskj. nr. 2).

Vegna þeirra alvarlegu annmarka sem undirritaður telur að sé á vinnubrögðum starfshópsins telur undirritaður ástæðu til að beina því til embættis Umboðsmanns Alþingis hvort ekki sé rétt að embætti taki fyrrgreint mál til meðferðar á grundvelli 5. gr. laga nr. 85/1997 um Umboðsmann Alþingis.

Virðingarfyllst,



Valdimar Ingi Gunnarsson,
Sjávarútvegsþjónustan ehf.